

Landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar – 6. Fundur
Haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 30. Júní 2015
hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Gauti Jónsson, formaður
Anna Margrét Jónsdóttir, aðalmaður
Bjarki Benediktsson, varamaður

Fundargerð ritaði: Anna Margrét Jónsdóttir

Dagskrá:

1. Girðingar

Rætt var um það ástand varðandi búfé á vegum í sveitarfélaginu, sem skapast vegna þess að girðingum er ekki haldið við þannig að þær hafi fullt vörslugildi. Landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar beinir þeim eindregum tilmælum til sveitastjórnar Blönduósbæjar að hlutast verði til um við landeigendur að veggirðingum sé þannig haldið að þær hafi fullt vörslugildi. Verði landeigendur ekki við tilmælum um viðhald girðinga verði sá möguleiki skoðaður að beita ákvæðum girðingarlaga hvað varðar viðhald girðinga. Það er með öllu óviðunandi að búfénaður sem sleppt er í sumarhaga eigi greiða leið á vegsvæði stofn- og tengivega vegna þess að einstaka landeigendur hirða ekki um að halda girðingum sómasamlega við.

2. Gangnatími á komandi hausti

Samþykkt hefur verið að hafa göngur milli Blöndu og Héraðsvatna fyrstu helgina í september. Seinni göngur verði tveimur vikum síðar.

3. Refaveiðar

Landbúnaðarnefnd beinir því til sveitastjórnar að samræma verðlaun og tímakaup við refaveiðar við önnur sveitarfélög í sýslunni.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið